



## yfirlýsing

dags.: 25. ágúst 2021  
efni: Gufunes dsk, yfirlýsing  
höfundur: Orri Steinarsson

Undirritaður, Orri Steinarsson, vann f.h. jvantspijker & partners að deiliskipulagi á svæði Gufuness fyrir Reykjavíkurborg, hér eftir kallaður verkkaupi. 2016-2019, þegar deiliskipulagið var auglýst og seinna staðfest. Í kjölfar fyrstu verðlauna í hönnunarsamkeppi sem haldin var 2016 þá fékk jvantspijker & partners það hlutverk að vinna deiliskipulag fyrir fyrsta áfanga svæðisins, svokallað kvikmyndahörf, sem gerir ráð fyrir blandaðri byggð með áherslum á skapandi iðnað og hagkvæmum íbúðum.

Skipulagið var unnið í samstarfi við breiðan hóp hagsmunaaðila sem voru þegar komnir á svæðið, eða voru með lóðarsamninga / lóðarvilyrði hjá Reykjavíkurborg. Margir samráðsfundir með hagsmunaaðilum voru haldnir af hálfu verkkaupa. Rekstrarforsendur Loftkastalans voru frá upphafi skýrar: að geta rennt stórum hlutum hindrunarlaust á milli húsa. Hvað Loftkastalann varðar var vel upplýst af þeirra hálfu að til stóð að útbúa verkstæði á lóð þeirra m.a. fyrir framleiðslu á og flutning á stærri leikmyndum og byggingarefni. Þá lét Loftkastalinn hanna stækkun á húsum sem fyrir voru og var ráðgert að svipuð gólfhæð yrði á öllum fasteignum lóðarinnar. Aðkoma að núverandi húsum átti að haldast óskert þar sem hægt verður að vera hægt að aka inn í port af Hilmisbási, jafnramt sem aðkoma að bílakjallara var ráðgerð frá Þengilsbási við norðvestur-horn nýju byggingarinnar. Einnig var mikilvægt að núverandi bílastæði og innkeyrslur yrðu nýtt áfram. Þessar teikningar voru m.a. notaðar í kynningarefni á deiliskipulagi svæðisins. Við gerð sniðmynda í deiliskipulagsupprætti var gert ráð fyrir að lóð Loftkastalans yrði nokkuð slétt í samræmi við framangreint.

Eitthvað hefur farið úrskaiðis því fyrirhugaðir hæðarkótar í landinu umhverfis lóð Loftkastalans eru ekki samræmi við þessar rekstrarforsendur, né eru þeir í samræmi við þá samráðsfundi, né kynningar sem haldnar voru með Loftkastalanum.

Virðingarfyllst